



Félag háskólakennara

4. fundur stjórnar 2015/2016 haldinn mánudaginn fimmtudaginn 29. október 2015 í Bændahöllinni, kl. 12:00.

Fundinn sátu: Jörundur Guðmundsson, Baldvin Zarióh, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Helgi Áss Grétarsson, Michael Dal. Berglind Rós Magnúsdóttir og Ármann Höskuldsson boðuðu forföll. Helga Birna Ingimundardóttir ritaði fundargerð.

Fyrir fundinn lá eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara dags. 7. október 2015, meðfylgjandi. Útgáfa til birtingar á heimasíðu.
2. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara dags. 26. október 2015, meðfylgjandi. Útgáfa til birtingar á heimasíðu.
3. Staða kjaramála.
4. Vinnumatssjóður, erindi frá félagsmanni.

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara dags. 7. október 2015
Samþykkt og til birtingar á heimasíðu félagsins.

2. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara dags. 26. október 2015
Samþykkt og til birtingar á heimasíðu félagsins.

3. Staða kjaramála

Formaður sagði frá framvindunni í kjaramálum eftir síðasta stjórnarfund félagsins vegna SALEK. BHM ákvað að taka ekki lengur þátt í samstarfi SALEKS-hópsins. Á þessari stundu er óljóst hver áhrif þess verða á áframhaldandi kjaraviðræður félagsins og SNR. Næsti fundur er boðaður 30. október, sameiginlega með FPR, KVH og verkfræðingum. Mögulega gæti staðan orðið sú að félagið þyrfti að leita eftir verkfallsheimild hjá félagsmönnum. Félagsfundur verður haldinn í hádeginu 30. október og þá kemur í ljós hvernig hljóðið er í félagsmönnum m.t.t. kjaramála.

Málið var rætt í stjórn og menn veltu fyrir þeirri flóknu stöðu sem samningamál félagsins eru í og hver næstu skref gætu orðið. Aðalmálið er að komandi kjarasamningar verði eins hagstæðir og mögulegt er fyrir félagsmenn. Stjórnin ákvað að halda aðgerðarplani m.t.t. verkfallsboðunar áfram, á meðan fundað er með SNR. Ef viðræðurnar þróast með þeim hætti að þær teljast óásættanlegar fyrir félagið verður leitað eftir verkfallsheimild hjá félagsmönnum. Farið var yfir skjöl með samburði á nokkrum kjarasamningum og fleira.

4. Vinnumatssjóður, erindi frá félagsmanni
Frestað til næsta fundar.

5. Önnur mál

Rætt um að gera viðhorfskönnun á þjónustu félagsins og stjórnarmenn beðnir um að hugsa upp spurningar vegna hennar. Hún yrði gerð samhliða viðhorfskönnun á Vinnumatssjóði.

Rætt um sýnileika félagsins, logo og heimasíðu þess. Menn voru sammála um að þessum þætti þyrfti að sinna betur hjá félaginu og ákveðið var að gera átak til þess.

Fleira ekki gert.

Fundi lauk 13:30.